

Mosfellsbær
b/t Lára Gunnarsdóttir
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 23. september 2019
UST201909-173/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing á deiliskipulag fyrir Blikastaðaland í Mosfellsbæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 16. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagstillögu fyrir Blikastaðaland í Mosfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til um 17,4 ha svæðis sem er skilgreint sem blanda af verslunar- og þjónustu- og athafnasvæði í aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Fyrirhugað er að á svæðinu verði blandað af verslun, þjónustu og léttum og þrifalegum iðnaði í byggingum af ólíkum stærðum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett séu í skilmála deiliskipulagstillögunnar með skýrum hætti hvað átt er við með léttum og þrifalegum iðnaði.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að gert verður mat á umhverfisáhrifum skipulagsins m.a. sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sem tillagan nær til liggi að Úlfarsá, en Úlfarsá er á náttúruminjaskrá og er númer 130 sem aðrar náttúruminjar og er ánni lýst sem fagri og góðri laxveiðiá þar sem víða sé grónir valllendisbakkar. Auk þess kemur fram að svæðið afmarkast frá upptökum árinnar í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinnar. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að það sé metið hver áhrif tillögunnar verði á vistkerfi, landslag og verðveislugildi árinnar.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur